

## **Reglur um bílastæðagjöld á Akranesi**

Reglur þessar gilda um nýbyggingar, viðbyggingar og breytta notkun húsnæðis á lóðum í þegar byggðum hverfum, sem ekki uppfylla kröfur um fjölda bílastæða samkv. 64. gr. byggingareglugerðar nr. 441/1998.

### 1. gr.

Ef bygginganefnd telur að ekki verði komið fyrir á lóð nægjanlegum fjölda bílastæða getur hún heimilað að bílastæðum verði komið fyrir á annarri lóð í sama hverfi, sem nýtist viðkomandi húsi að mati bygginganefndar, enda verði, áður en byggingaleyfið er gefið út, þinglýst kvöð um slík bílastæði á þá lóð þar sem þau eru fyrirhuguð. Jafnan skal þó, þar sem aðstæður leyfa, hafa 50% stæðanna á lóð hússins og a.m.k. 1 bílastæði fyrir hreyfihamlaða á lóð hússins eða í því.

### 2. gr.

Heimilt er bygginganefnd að leysa lóðarhafa undan kvöð um bílastæði ef hann greiðir bílastæðagjald, skv. 28. gr. byggingareglugerðar. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á vantar. Sveitarstjórn setur sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld staðfesta af umhverfisráðherra.

### 3. gr.

Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

### 4. gr.

Bílastæðagjald verður ekki endurgreitt þótt byggingarleyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi ef liðið er meira en eitt ár frá greiðslu þess. Sama gildir ef notkun húss er breytt þannig að kröfur um fjölda bílastæða vegna þess séu minni en voru vegna fyrri notkunar þess. sbr. 28. gr. byggingareglugerðar.

### 5. gr.

Sveitarstjórn ákveður gjalddaga og hvernig þau skuli innheimt. Ekki má gefa út byggingaleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra. Framangreindum gjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

**Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness 24. ágúst 1999.**

Gísli Gíslason, bæjarstjóri (sign)